

Reykjavík, 13.11.2023
ES/

Forsætisráðuneytið

Efni: Athugasemdir Orkuveitu Reykjavíkur við áformaskjal um frumvarp til laga um br. á ýmsum lögum vegna þjóðlendna.

Þann 10. nóvember sl. birtust í samráðsgátt áform um lagasetningu sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna þjóðlendna (starfslok óbyggðanefndar o.fl.).

Í lið D. 2. 9. í skjalinu kemur fram að meðal helstu fyrirhuguðu breytinga sé að:

9. Afmarka eignarrétt landeigenda að auðlindum í jörðu á eignarlöndum þannig að taki til eignarréttinda að því marki sem nauðsynlegt er fyrir landeiganda til að hann geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti yfir fasteign.

Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög og áður Hitaveita Reykjavíkur hafa í áratugi keypt fasteignir og nýtt auðlindir, sem í þeim finnast, í þágu hitaveitu og rafmagnsframleiðslu. Til þess hefur fyrirtækið varið milljörðum króna, enda nýting háhita afar kostnaðarsöm. Sem dæmi má nefna að borun einnar háhitaholu kostar 6-700 milljónir króna og um 100 slíkar holur hafa verið boraðar á vegum Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga.

Orkuveita Reykjavíkur leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að við lagasetningu þá sem nú er áformuð verði tekið tillit til framangreinds og að skýrlega verði tekið fram í lögum að auðlindanýting orku- og veitufyrirtækja í þágu rafmagns- og varmaframleiðslu teljist til „venjulegrar“ hagnýtingar þeirra sem landeiganda eða leigutaka viðkomandi auðlinda. Þannig fari ekki á milli mála að fyrirtækjunum verði áfram og með sama hætti og hingað til heimilt að nýta auðlindir, sem þau hafa ýmist keypt eða leigt, í þágu starfsemi sinnar. Ekki er nægilegt það sem tekið er fram undir E lið í umfjöllun um samræmi við stjórnarskrá og þjóðarrétt, að lagareglan muni ekki gilda afturvirktt um þau nýtingarleyfi, sem þegar hafa verið gefin út. Til að sinna sinni starfsemi áfram þurfa orku- og veitufyrirtæki áfram, með nýjum leyfum og á nýjum svæðum, að geta nýtt sínar auðlindir eins og verið hefur.

Orkuveita Reykjavíkur óskar eftir samráði við fyrirhugaða lagasetningu og lýsir sig reiðubúna til samstarfs um málið.

Virðingarfyllst,

Elín Smáradóttir
yfirlögfræðingur